

Skrá 17. Húsagerð, vegghleðsla

Þjóðháttskráning Þjóðminjasafnsins XVII.

Spurningaskrá sú, sem hér fer á eftir, er hin fyrsta, sem sérstaklega fjallar um húsagerð. Hér er aðeins tekinn til meðferðar einn þáttur hennar, vegghleðsla, efni og vinna. Ljóst er, að ekki hefur sama orð verið notað um hverja einstaka hnausgerð til bygginga hvar sem er hér á landi, auk þess sem sumar hnausgerðir hafa að miklu leyti verið bundnar við vissa landshluta, t.d. tákna orðin hnaus og kökkur engan veginn það sama alls staðar á landinu. Margir Sunnlendingar tala um hnaus og kökk og eiga þá við tvær ólíkar gerðir. Hér í skránni er orðið hnaus notað sem samheiti um mismunandi gerðir af hleðsluefni, sem vart eiga samheiti í mæltu máli.

Allur fróðleikur um efnið fram yfir það, sem beinlínis er spurt um í skránni, er mjög mikilsverður. Vera má, að fleiri gerðir af hnausum hafi þekkt en þær, sem vikið er að í skránni. Er þýðingarmikið, að menn láti þess getið, ef þeir geta aukið þar við, og dragi þá jafnvel upp teikningu til skýringar.

Svo sendir Þjóðháttskráning öllu stuðningsfólki sínu bestu kveðjur og þakkir og vonast eftir góðri aðstoð þess nú sem fyrr.

ÁHÖLD

Páll

Hvað nefndist verkfærið, sem hnausar (kekkir, snidda o.s.frv.) voru stungnir með, áður en útlendar stunguskóflur komu til sögunnar (páll, stungupáll, torfpáll, o.s.frv.) Var til nema ein gerð af því?

Hvað nefndust einstakir hlutar páls? Lýsið pálblaði, smíðaeefni, smíði, gerð og stærð. Lýsið skafti og hvernig blaðið var fest upp á skaft. Muna menn eftir eða hafa sagnir af stiglausum pálum og ef svo er, hvenær var þá byrjað að smíða stig á pála. Lýsið því.

Hvernig var pálhaldið og hvað nefndist það? Hvenær lagðist almennt niður að nota pál við hnausastungu?

Kekkjakrókur

Var sérstakt áhald notað til þess að draga hnausa upp úr pælu eða til að nota, er keldur voru brúaðar til heimflutnings á heyi? Hvað nefndist það (brúakrókur, kekkjakrókur t.d.)? Lýsið því.

Barkrókar, torfkrókar

Voru sérstök áhöld úr tré smíðuð til þess að nota við flutning á hnausum til húsa, áður en hestvagnar komu til sögunnar? Hvað nefndust þau (barkrókur, kekkjakrókur, torfkrókar t.d.)? Var nafnið e.t.v. venjulega notað í fleirtölu? Lýsið barkrókum (torfkrókum), smíði þeirra og stærð og helstu notkun annarri. Hvenær lagðist notkun þeirra niður?

Kláfur, laupar

Voru kláfur (mykjukláfur t.d.) notaðir við flutning á hnausum? Lýsið því.

Dráttarsleði

Áttu menn sleða til aðdrátta á byggingarefni (grjóti, hnausum t.d.)? Lýsið þeim. Var hestum beitt fyrir sleðana til að draga ækið?

Stutull

Var áhald úr tré notað til þess að þjappa mold í vegg (grjótveggi, torfveggi)? Lýsið því. Hvað nefndist það?

Veggjahnifur, snidduhnifur

Var sérstakt áhald smíðað til þess að nota, er skorið var utan af torfveggjum við hleðslu? Lýsið því. Hvað nefndist það?

Hnausastunga

Hvaða kröfur voru gerðar til jarðlagsins, sem hnausar (kekki, snidda o.s.frv.) voru stungnir í? Voru hnausar nefndir eftir gróðurlaginu, sem þeir voru stungnir í (mýrarhnausar, valllendishnausar)?

Var miðað við góða stungu og vonda stungu, er rætt var um jarðlag, þar sem hnausar (kekki) voru stungnir? Var orðið velta (góð eða vond) notað á sama hátt um jarðlagið, gerð þess og um leið sandlag, er hnausinn valt á? Var orðið póstunga notað um venjulega þykkt hnausa og þá miðað við lengd pólblaðsins? Miðaðist hugtakið “stunguþíð jörð” við þetta sama (þ.e. eina póstungu)? Hvað nefndist starfið við að stinga hnausa (kekki)? Hvað nefndist maður, sem að þessu vann (stungumaður t.d.)? Hvað þóttu hæfileg afköst við hnausastungu (kekkiastungu) á degi, t.d. miðað við mismunandi gerðir af hnausum? Keyptu menn leyfi til hnausastungu í annarra landi? Lýsið því.

Stungutími

Hvenær var venjulega unnið að því að stinga hnausa (kekki, sniddu, streng) til húsagerðar? Hve lengi voru hnausar að jafnaði látnir síga (þorna) fyrir notkun?

Verkið

Nefndist fyrsti hnaus, sem stunginn var í óhreyfðri jörð, eitthvað? Hvað nefndist flagið, sem myndaðist smám saman við stunguna (pæla t.d.)? Var nokkurn tíma stungið nema eitt hnausalag í sömu pælu?

Var þá gerður greinarmunur á efra og neðar lagi (grashnaus, flaghnaus t.d.)? Lýsið verklagi stungumanns. Stakk hann beint niður eða hafði fláa á hausnum (kökknum)? Á hvern hátt fór það eftir mismunandi hnausgerðum? Hernig vann hann að því að stinga, ef ekkert stig var á pálnum? Hafði hann aðstoðarmann við að taka hnausana upp úr pælunni og hlaða þeim upp? Hvernig var hnausum hlaðið upp við pælu, og hvað nefndist hleðslan (hraukur t.d.)? Voru sérstök hlífðarföt við þetta verk (skinnhald)? Voru áhöld við höndina til að hvetja með páleggina (skóflueggina), er hún sljógvaðist (brýnsla, denging)? Var nokkur ákveðin greiðsla til manns, er fenginn var til að stinga hnausa (t.d. greiðsla fyrir hverja 100 hnausa, er hann stakk)? Var strengur stunginn með sama áhaldi (páli, skólfu) og hnausar? Var skorið neðan af þeim nýstungnum (jafnaðir)?

Hnausgerðir, strengur, torf

Hvaða hnausgerðir voru stungnar og notaðar til að hlaða með hús? Lýsið þeim eins nákvæmlega og föng eru á (lögum, flái, stærð), og segið frá heitum þeirra. Gott væri að fá teikningar eða riss af hnausum, jafnvel þótt ófullkomið sé.

- Hnakkahnaus, -hnakkakökkur, -klömbrur, -klömbruhnaus.
- Hnaus, -kökkur, -pákkökku.
- Kvíahnaus, -stúfsnidda.
- Oddasnidda, -snidda.

Var hnakkahnaus (klömbruhnaus) stýfður (þversneiddur) fyrir mjórri endann við stunguna eða við hleðslu?

Segið sérstaklega frá því, ef merkingarmunur var á orðunum hnaus og kökkur. Segið frá streng eða strengjum (lengd, þykkt, breidd), er notaðir voru við hleðslu á veggjum.

Var sérstök gerð af streng nefnd hryggir (hryggur)? Lýsið því.

Segið frá torfi, sem notað var í hleðslu á veggjum. Var það skorið til þess sérstaklega? Var gamalt heyturf notað við veggjahleðslu?

Flutningur

Lýsið flutningi á hnausum (kekkjum) við eldri aðstæður. Hvernig var búið upp á hest er flutt var á barkrókum (torfrókum)? Hve margir hnausar (kekkir) voru fluttir á hvorum krók?

Var einnig flutt “ofan í milli”? Voru hnausar festir (stungnir) ofan á klyfberaklakka í flutningi? Voru hnausar silaðir upp á hest með reipum? Lýsið því.

Voru hnausar fluttir til húsa á dráttarsleðum, er akfæri var á vetrum? Lýsið því.

Lýsið öðrum aðferðum við heimflutning á hnausum (kekkjum) ef þekktar eru. Hvenær var byrjað að nota hestvagna við þessa flutninga? Hvað var verkið kallað (að reiða heim hnausa t.d.)?

Þjóðtrú í sambandi við húsagerð

Var höfð ótrú á því að stækka (færa) hús aftur (gafli færður um set)? Átti að leiða af því afturför í búskap? Var þá sambærileg trú um framför í búi, ef hús voru færð (stækkuð) fram? Var trú á því, að viss hússtæði væru lánsöm, öðrum fremur (híbýli manna, peningshús) og því ekki afrækt, ef annars var kostur? Var því trúað, að óheill fylgdi sumum hússtæðum og þau lögð niður vegna þess?

Voru sérstakar venjur viðhafðar, er byggja átti hús á óhreyfðri jörð (stungnir upp þrír kekkir t.d. og svo lagst til svefns, pál eða skóflu e.t.v. stungið þar í jörð og hikað með að hefja verkið)?

Var ekki byrjað á að hlaða hús eða byrjað á húsagerð yfirleitt á mánudegi? Hvað um aðra daga?

Voru steinar klofnir til bygginga með vissu sjávarfalli (útfalli)?

Var gætt að sjávarföllum í sambandi við vegghleðslu (kampar á kvíar, fjárrétt, fjárhús, fjós, undirblástur á eldhús t.d. byggt með aðfalli sjávar)?

Þekktist sú venja, að maður, sem kom þar að, sem verið var að hlaða vegg eða garð, setti þar þrjá hnausa eða steina í hleðslu? Hvað var það þá nefnt (að gjalda torfalögin t.d.)? Voru bein húsdyra lögð í vegg (fjárhúsveggi eða aðra vegg), jafnvel hlaðin heil lög í veggjahluta úr sauðaleggjum? Er nokkur trú þekkt varðandi það?

Skrifið sagnir um óhöpp, er leitt hafa af byggingum, er reistar voru í bannhelgi huldufólks eða vætta.

Byggingatími

Á hvaða árstímum (vor, haust) var einkum unnið að vegghleðslu og húsagerð yfirleitt? Fór það e.t.v. eitthvað eftir því, hvort um nýbyggingu var að ræða eða endurbót á gömlu húsi?

Byggingavinna

Hvað nefndist byggingavinna, m.a. miðað við einstaka þætti hennar (so. að brauka, byggja, húsa o.s.frv., no. moldarbrauk, moldarverk, hleðsluvinna o.s.frv.)?

Voru vissir menn, er þóttu öðrum fremur kjörnir til að vinna að einstökum þáttum í húsagerð, t.d. vegghleðslu? Voru þeir nefndir eftir starfi (hleðslumaður t.d.)? Hvað er að segja um kaup hleðslumanna fyrir vinnu þeirra, ef um það var að ræða? Klæddust menn hlífðarfötum við húsagerð (skinnhaldi t.d.)?

Byggingaveður

Voru viss orð notuð um veður við húsagerð (moldarveður, braukveður t.d.)?

Húsgrunnur

Hvernig var háttað mælingu á hússtæði? Með hverju var mælt (fet, skref, kvarði, vaður t.d.)? Við hvað miðaðist mæling (tölu búfjár í væntanlegu húsi, lengd í stafgólum t.d.)? Var nokkur ákveðin regla um lengd stafgólfs?

Hvernig var það búið undir veggjahleðslu: a) á óhreyfðri jörð, b) í gömlu hússtæði? Var orðið moldartak (mikið eða lítið) notað um mold í hússtæði? Hvað var gert við þá mold, sem afgangur varð? Var grafið niður fyrir yfirborð jarðvegs eða grunnur aðeins jafnaður fyrir veggjaundirstöður? Var grafin rás meðfram veggjum að innan til að taka við vatni, er rann af eða úr veggjum (veggruna)? Hvað nefndist hún (for, ræsi, ræsir t.d.)? Voru forarbarmar hlaðnir, áður en byrjað var að hlaða veggji? Myndaði ytri brún forarhleðslu þá e.t.v. undirstöðu veggja? Hve breiðir voru veggir og kampar að jafnaði: a) undirstaða, b) efsti hluti?

Hleðsla

Hvað nefndust veggir hlaðnir úr hnausum (kekkjum, streng, torfi, sniddu) (kekkjaveggir, klömbuveggir, moldarveggir, torfveggir o.s.frv.)? Lýsið undirstöðu veggja og kampa. Nefndust hnausar í neðsta lagi eitthvað sérstakt?

Voru mismunandi gerðir af hnausum (kekkjum) notaðar við hleðslu á sama vegg: a) í innri hleðslu, b) í ytri hleðslu (útihúss)?

Lýsið því nákvæmlega, hvernig hver einstök gerð af hnausum var lögð í lag í vegg. Skiptust á lög í veggnum með mismunandi hnausgerðum og þá eftir vissri reglu? Voru dæmi þess, að hnausar (kekki) væru hlutaðir í sundur, er hlaðið var til drýginda eða af öðrum orsökum og þá á hvern hátt (ferhyrndur hnaus (kökkur) t.d. hlutaður í tvo þríhyrnda hnausa)? Lýsið því. Hvert sneri grasflötur á hnausum í hleðslu? Lýsið því. Var það e.t.v. breytilegt?

Lýsið strenghleðslu. Voru veggir hlaðnir af streng eingöngu? Voru ytra og innra borð veggja á einhvern hátt bundin saman með streng eða torfi?

Með hverju var skorið ofan af hnausum í hleðslu til að jafn flötinn? Nefndust torfflögurnar eitthvað? Hvernig var skorið utan af veggjum (hleðslan jöfnuð)? Hvað nefndist það (að skera utan af t.d.)? Var það gert við hvert einstakt lag eða fleiri lög saman? Með hverju var skorið (ljá t.d.)? Var fjöl lögð á veggbrúnina til að fá jafnan skurð milli horna?

Lýsið moldfyllingu í vegg. Hvað nefndist færsla moldarinnar í vegginn (að molda, mylda t.d.)? Hvernig var mold þjappað í vegginn og hvað nefndist verkið (að stutla, troða t.d.)? Var reynt með nokkrum hætti, hvort nógu vel væri til verks gengið, t.d. hellt vatni á moldina?

Lýsið kampahleðslu. Lýsið hleðslu horna. Voru horn rétthyrnd, boglaga eða skásneidd? Voru stallar í hesthús hlaðnir sem hluti af veggjum eða gafli? Lýsið því. Voru vindaugu á veggjum eða göflum (undirblástur á eldhúsum t.d.)? Lýsið því. Voru skot eða skápar byggð út í veggji eða kampa, t.d. í sambandi við slagbranda í hesthúsdryum?

Var nokkur viss regla um fláa á veggjum og gafli? Lýsið því. Var nokkurt orð um fláalusa hleðslu (lo. skökuhlaðinn t.d.)? Hve háir voru torfveggir að jafnaði?

Hvernig voru innveggir byggðir til að taka við vatnsrennsli af þökum? Hve háir voru torfveggir að jafnaði? Hvað vita menn um endingu torfveggja?

Endurbætur torfveggja

Hvað var það nefnt ef vegghleðsla skekkist (veggurinn gúlpar, kastar sér, snarast o.s.frv., veggurinn er skotóttur, snaraður t.d.)?

Voru viss orð um skemmdir af öðrum orsökum (veggurinn er moldrunninn t.d.)? Voru skörð rofin í vegg til úrbóta eða þeir teknir alveg ofan og endurbyggðir? Hvað var það nent (að gilda upp vegg t.d.)?

Tóft

Var orðið tótt eða tóft notað um þaklausu byggingu? Var greint á milli hliðarveggja og gaflveggs í tóft eða var bakhliðin nefnd gafl, einu nafni? Voru orðin gafl og gaflhlað notuð jöfnum höndum um gafl í tóft eða húsi? Var orðið ufs (eða ufsi) notað um veggjarbrún (ytri eða innri)?

Þekktu menn orðtök, málshætti eða vísur varðandi byggingar (t.d.: Tóttin aflar trjána o.s.frv.)?

Grjótnám

Lýsið grjótnámi til bygginga (hleðslugrjóti). Segið frá einstökum bergtegundum, er notaðar voru til bygginga. Var grjót klofið í hleðslu? Var hleðslugrjót höggvið á kant (grágrýti, mógrjót, sandsteinn t.d.)?

Segið frá nöfnum er notuð voru um hleðslugrjót og einstakar bergtegundir.

Voru smásteinar og hellubrot notuð í hleðslu, ef ekki var betri kosti völ? Lýsið grjótflutningi (sleðar, hestvagnar t.d.)? Var farið í langar aðdráttferðir til að ná í grjót? Hvenær var einkum unnið að grjótnámi og grjótflutningi?

Grjóthleðsla

Voru hús hlaðin við kletta eða björg til að spara vinnu og efni? Lýsið því.

Lýsið veggheðslu úr grjóti, m.a. með tilliti til mismunandi bergtegunda, er hlaðið var úr. Segið frá undirstöðusteinum og kampsteinum. Hvað nefndust smásteinar og hellubrot, sem notuð voru til að skorða steina í hleðslu (klípi t.d.)? Hvað nefndist stæði steins í hleðslu (sæti t.d.)? Voru lög í veggjum hlaðin úr eintómum hellubrotum? Nefndist það eitthvað (skáhellulag t.d.)?

Var torf notað milli laga í grjóthleðslu? Hvernig var grjótið lagt í hleðsluna? Var t.d. venjuleg heytorfa, sem notuð var við veggheðslu, rist að endilöngu, er hlaða átti, og báðir helmingarnir notaðir í hleðsluna? Var strengur (strengir) hafður milli laga í grjóthleðslu? Lýsið því.

Lýsið hleðslu á ytra borði útveggja og gaflhlaða. Úr hvaða byggingarefni var hlaðið þar?

Skiptust þar t.d. á lög úr grjóti og hnausum (sniddu), eða var hlaðið úr hnausum eingöngu?

Lýsið fláa í innveggjum. Var veggurinn hlaðinn með fláa, er myndaði boglínu upp og niður, líkt og torfveggir? Var um það nokkur viss regla? Var veggheðsla bein eða bogadregin milli horna í húsi (þ.e. grunn lína)? Lýsið fláa á ytra borði útveggja.

Segið frá moldarfyllingu í grjótveggi. Hvernig var mold þjappað í grjótveggi? Var veggjagrjót jafnað með öxi eða sleggju, er hlaðið var? Segið frá þykkt grjótveggja. Hvað vita menn dæmi þess, að grjótveggir hafi verið hlaðnir hæst, í álna- eða metratáli? Segið frá endingu grjótveggja. Voru allir húsveggir á sama býli hlaðnir úr grjóti, ef þess var kostur?

Timburhleðsla

Kunna menn að segja frá því, að húsveggir á rekajörðum við sjó hafi verið byggðir úr heilum timburstokkum (trjábolum) að meira eða minna leyti?

Þekki menn það af eigin reynd eða annarra sögn eru þeir beðnir að lýsa því og minnst m.a. eftirfarandi atriða: Nefndust slíkir veggir einhverju ákveðnu nafni (skífaðir veggir t.d.)? Á hvern hátt voru trjábólir lagaðir til fyrir hleðslu? Voru þeir yfirleitt lagðir lárétt í vegginn? Hvernig voru samskeyti á hornum og aðrar festingar? Var fyllt með mold að trjánum? Voru grjót- eða torfhleðslur að dyrum og á ytra borði veggja?